

Menntastefna Vestfjarða - ályktun

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6-7. október 2023 ályktar um fyrirbyggjandi drög að Menntastefnu Vestfjarða sem send verða sveitarfélögum til umfjöllunar að loknu Fjórðungsþingi.

Einn helsti drifkraftur þróunar á Vestfjörðum er þekkingarstig íbúa svæðisins. Aukin menntun er forsenda nýsköpunar og vaxtar í samfélaginu, hún eflir og bætir lífsgæði og afkomu íbúa.

Þau drög að menntastefnu sem nú eru til umfjöllunar innihalda metnaðarfulla framtíðarsýn sem sveitarfélögin á Vestfjörðum sammælast um að innleiða og nýta við mótun skólustefnu fyrir hvert sveitarfélag og leggja í þeim til aðgerðir sem styðja við framtíðarsýn, leiðarljós og markmið Menntastefnu Vestfjarða.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti beinir því jafnframt til mennta- og barnamálaráðuneytis, háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að nýta og styðja við Menntastefnu Vestfjarða við mótun aðgerða og stefnumótun í viðeigandi málaflokkum.

Greinargerð:

Drög að Menntastefnu Vestfjarða.

Flutningsmenn: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga